

Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 10. desember 2024
Mnr. 2024110142



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað sviðsstjóra

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 642 þan 28. nóv. Sl., var tekin fyrir Guðrúnar Steinþórsdóttur, um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Brekku. Á fundi nefndar var lagt til við bæjarstjórn að veita framkvæmdaleyfi með eftirfarandi bókun:

„Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að umbeðið framkvæmdaleyfi verið veitt í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, að fenginni umsögn minjavarðar Vestfjarða. Nefndin bendir á að ef fornleifar koma í ljós við framkvæmdir á Íslandi, skal strax tilkynna það Minjastofnun Íslands eða til viðkomandi sveitarfélags, þar sem framkvæmdaaðilum ber skylda til að bregðast við samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.“

Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun í tölvupósti dags. 10.12.2024 þar sem áréttað er að framkvæmdin er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu, þar sem um er að ræða nýræktun skóga á verndarsvæðum, sem er óháð umfangi, þ.e. framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B en fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Lagt er til við skipulags- og mannvirkjanefnd að leiðrétta tillögu til bæjarstjórnar í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á því að senda inn tilkynningu til Skipulagsstofnunar þegar framkvæmdir eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu. Í því felst að framkvæmdaraðilinn þarf að:

1. Undirbúa nauðsynleg gögn:

- Skilgreina framkvæmdina, þar á meðal staðsetningu, umfang, og eðli.
- Greina möguleg áhrif á umhverfið.
- Útbúa skjöl sem sýna fram á hvernig framkvæmdin tengist ákvæðum reglugerða um umhverfismat framkvæmda.

2. Sendu inn tilkynninguna:

- Nota til þess form og leiðbeiningar sem Skipulagsstofnun gefur út.
- Skila skjölum rafrænt eða í samræmi við ferli stofnunarinnar.

Ef framkvæmdaraðili er óviss um hvernig tilkynningin skuli gerð, getur hann leitað aðstoðar hjá ráðgjafa, svo sem umhverfissérfræðingum eða skipulagsráðgjöfum. Skipulagsnefnd sveitarfélagsins getur einnig veitt upplýsingar um hvaða kröfur gilda í hverju tilviki.